

Verksamningur

Annars vegar Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt: 540602-4410, Árnesi, 801 Selfoss, í samningi þessum nefndur verkkaupi, og hins vegar Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf, kt: 410693-2169, Gagnheiði 35, 800 Selfossi, í samningi þessum nefnt verktaki, gera með sér svohljóðandi verksamning:

1. grein. Verk: Þjórsárholt - Hitahola

Verkið miðast við eftirfarandi:

- Symmetrixborun fyrir 14" fódöringu niður á 6 m.
- 12 ¼" borun neðan fódöringar, niður á 50 m.
- 10 ¾" fódöring niður á 50 m – steipt
- 6 ½" loftborun niður á 140 m
- 6 ¼" hjólakrónumborun niður á 150 m
- Verkið verður framkvæmt með jarðbornum „Trölla“

2. grein. Gæði verks, ábyrgð samningsaðila

Verktaki mun gæta fyllstu vandvirkni við framkvæmd verksins og gera verkkaupa skilmerkilega grein fyrir hvernig hann hyggst standa að hverjum þætti verksins áður en hann hefst.

Verktaki aflar starfsleyfis fyrir verkið frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Verktaki tekur ekki ábyrgð á þeim aðstæðum sem upp geta komið vegna staðsetningar holu, og þá sérstaklega með tilliti til mannvirkja á svæðinu, s.s. eldri hola, eða lagna.

Verkkaupi mun á hverjum tíma kynna sér aðferðir og áætlanir verktaka um framkvæmd verksins. Telji hann ástæðu til, skal hann gera athugasemdir við verktaka. Ekki skal hefja einstaka verkþætti fyrr en báðir aðilar eru sammála aðferðum.

3. grein. Umsjónarmaður verkkaupa

Verkkaupi tilgreinir umsjónarmann með verkinu sem er í reglulegu sambandi við borstjóra og hefur fullt umboð til að taka ákvaranir varðandi verkið hverju sinni.

4. grein. Eftirlit verkkaupa, upplýsingaflæði

Borstjóri borsins mun hafa regluleg samskipti við umsjónarmann verkkaupa. Hann mun útbúa rafrænar dagskýrslur og afhenda honum. Borstjóri mun útbúa fódöringarskýrslu ásamt borskýrslu vegna verksins og afhenda verkkaupa í verklok. Verkkaupi hefur fullan aðgang að öllum gögnum er varða verkið.

5. grein. Borstaður – umhverfismál og merkingar

Verktaki skal ganga vel um athafnasvæði sitt og sjá til þess að umhirða á vinnustað sé góð. Verktaki ber ábyrgð á að merkingar vinnusvæðis séu í samræmi við reglur.

6. grein. Verklok, breytingar a umfangi verks o.fl.

Verði umfang verks meira en upphaflega var gert ráð fyrir, ber verktaka að tilkynna verkkaupa það. Framhald verkefnisins verður þá háð samkomulagi milli verkkaupa og verktaka.

7. grein. Verkáætlun

Áætlað er að borverkverk hefjist í júlí 2018 og sé lokið í ágúst 2018. Gert er ráð fyrir að borun fari fram á dagvöktum og unnið verði alla daga vikunnar.

8. grein. Verð

8.1 Heildarverð verksamnings er áætlað **8.083.000,- krónur án vsk, áttamilljónirogáttatíuogþrjúþúsund krónur án vsk.** Verkið verður unnið á einingaverðum og er umfang verksins áætlað sem hér segir. Sjá einnig forsendur í grein 9.:

Nr.	Heiti:	Dýpi m	Ein.	Fjöldi:	Ein.verð, kr. án VSK	Samtals kr. án VSK
A	Undirbúningur, flutningar, ferðir o.fl.:					
	Undirbúningur, samantekt búnaðar og frágagnur í verklok. Allur akstur dráttarbíls með vagn, kranabíls eða vörubíls vegna flutninga með bor, fóðringar, stangir o.fl. Akstur áhafnarbíls og tími starfsmanna í ferðum.		heild	1	887.600	887.600
	Samtals liður A fyrir báða valkosti, kr. án vsk:					887.600
B	Borverk - vinnsluholur:					
B.1	Víðara prógramm:					
B.1.1	Uppstilling bors á holu	0	stk.	1	94.300	94.300
B.1.2	14" Symmetrix borun fyrir fóðringu	0-6	m	6	47.100	282.600
B.1.3	14" fóðring, efni og vinna	0-6	m	6	47.800	286.800
B.1.4	14" bit- og slagskór skilinn eftir í holu	6	stk.	1	370.300	370.300
B.1.5	12 ¹ / ₄ " borun fyrir 10 ³ / ₄ " fóðringu	6-50	m	44	33.700	1.482.800
B.1.6	10 ³ / ₄ " fóðring, efni og vinna	0-50	m	50	34.000	1.700.000
B.1.7	Steyping fóðringar	0-50	m ³	1,5	225.000	337.500
B.1.8	6 ¹ / ₂ " borun með lofthamri neðan fóðringa	50-140	m	90	17.200	1.548.000
B.1.9	6 ¹ / ₄ " hjólakrónuborun neðan fóðringa	140-150	m	10	24.100	241.000
B.1.10	Flans og slétt lok á holutopp	0	stk.	1	116.100	116.100
B.1.11	Tímagjald bors í bið		klst	5	44.800	224.000
B.1.11	Tímagjald bors í gangi		klst	5	76.800	384.000
B.1.12	Loftpressa (35 bör)		klst.	5	25.600	128.000
	Borverk samkvæmt B.1 - víðara prógramm, kr. án vsk:					7.195.400
	Samtals víðara prógramm með flutningi, kr. án vsk:					8.083.000

Magntölur eru hér áætlaðar en uppgjör fer eftir raumnagni hvers verkliðar, eins og það mælist í verkinu.

SLS

8.2 Komi til þess að verkkaupi óski eftir því að bor og áhöfn bíði, t.d. eftir frekari fyrirætlum vegna ófyrirséðra ástæðna, reiknast sá tími sem biðgjald fyrir bor og áhöfn kr. 44.800,- kr/klst án vsk.

8.3 Komi til þess að verkkaupi óski eftir öðrum verkum en þeim sem ráð er fyrir gert með einingarverðum í kostnaðaráætlun, reiknast þau verk sem tímagjald fyrir bor og áhöfn á 76.800,- kr/klst án vsk.

8.4 Ef festur verða vegna jarðfræðilegra aðstæðna skal verktaki reyna losun í allt að 4 klst á sinn kostnað. Eftir það taka við tímagjöld í samræmi við liði 8.2 og 8.3 hér að ofan, allt eftir því sem við á. Ef önnur tæki en borinn sjálfur, og þau tæki sem honum fylgja, eru notuð við losun úr festu, greiðir verkkaupi kostnað því samfara.

8.5 Komi til þess að verkkaupi óski eftir að áhöfn sinni öðrum verkum en þeim sem gert er ráð fyrir í einingarverðum í kostnaðaráætlun, reiknast þau verk sem tímagjald fyrir áhöfn, sem er fyrir borstjóra 13.100 kr/klst án vsk og fyrir bormann 10.400,- kr/klst án vsk.

8.6 Verkkaupi greiðir ekki kostnað verktaka sem rekja má til vanhalds eða bilaðs búnaðar enda sé verið að vinna innan ramma verksamnings en ramminn ákvarðast af magni/dýpi liða í tilboðsskrá, sjá hér að framan. Fari framkvæmdir út fyrir rammann, skal semja um áhættu á búnaði og ábyrgð/áhættu á verkinu sérstaklega.

8.7 Ef óskað er eftir jafnvægisborun greiðist tímagjald á loftpressu, sjá lið B1.12 í tilboði.

9. grein. Verkpættir sem verkkaupi annast/kostar

- Tryggir greiðan aðgang bortækja að borstað.
- Verkkaupi sér um gerð borplans. Borplan skal vera tilbúið við komu bors á borstað.
- Verkkaupi sér starfsmönnum verktaka fyrir fæði og húsnæði meðan á verki stendur.
- Tryggir nægilegt vatn til hjólakrónuborunar.
- Aflar tilskilinna leyfa til verksins, annarra en getið er í 2. gr.

10. grein. Greiðsluskilmálar

Framvindureikningar verða lagðir fram í mánaðarlok. Í verklok verður verkið gert upp og verkkaupa sendur lokareikningur. Gjaldtagi reikninga er 14 dögum eftir útgáfu.

11. grein. Ábyrgð, óviðráðanleg atvik og tryggingar

Verktaki gerir sér í hvívetna far um að ná sem bestum árangri með framkvæmdinni, en ber hinsvegar ekki ábyrgð á að tilætlaður árangur náist.

Verktaki er undanþeginn skaðabótaskyldu vegna tjóna sem hljótast kunna af framkvæmd þessari, sem hann er ekki tryggður fyrir, hverju nafni sem nefnast og verktaka eða starfsmönnum hans verður ekki gefin bein sök á.

Verktaki slysatryggir starfsmenn sína auk þess hefur hann frjálsta ábyrgðartryggingu.

12. grein. Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af samningi þessum, sem leiðir til málssóknar, skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Af samningi þessum eru gerð tvö frumrit, sitt handa hvorum samningsaðila. Samningnum til staðfestingar undirrita aðilar hann í votta viðurvist.

Staður: _____

Dags: _____

f.h. verkkaupa

f.h. verktaka

Steinn Leif Sveinsson

Vitundavottar:

kt. _____

kt. _____